

Skráningarheimild – endurskoðuð 3. apríl 2025

Skráningarráð Gegnis setur kröfur, sem gerðar eru til skrásetjara, til að öðlast skráningarheimild. Núgildandi reglur eru svohljóðandi:

Til að fá skráningarheimild í Gegni þarf umsækjandi að hafa sótt námskeið í bókfræðiskráningu í Gegni hjá Landskerfi bókasafna. Forsenda fyrir því að sækja námskeiðið er háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða að lágmarki að hafa lokið námskeiðinu „Skipulag þekkingar (UPP112F)“ sem er kennt í Háskóla Íslands eða sambærilegu námskeiði.

Athugið að til að fá samþykki til að sækja námskeiðið í bókfræðiskráningu er nauðsynlegt að senda staðfestingu um fyrrnefnd menntunarskilyrði til skráningarráðs Gegnis (skráningarrad@landskerfi.is).

Skráning í Gegni er samstarfsverkefni aðildarsafna Gegnis. Bókfræðifærslurnar eru sameign safnanna og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni. Skrásetjurum ber jafnframt að virða samþykktir skráningarráðs Gegnis og vinna samkvæmt þeim.

Gæðastjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Standist þeir ekki kröfur samkvæmt leiðbeiningum og ákvörðunum í Handbók skrásetjara Gegnis hverju sinni (<https://hask.landsbokasafn.is>) áskilur skráningarráð sér rétt til að afturkalla heimildina.

Ef skrásetjari skráir ekkert í þrjú ár eða lengur áskilur skráningarráð sér rétt til takmarka réttindi til bókfræðiskráningar í Gegni. Endurnýjun réttinda verður í samráði við skráningarráð hverju sinni. Skráningarráði er skylt að rökstyðja ákvörðun sína um endurnýjun eða synjun í hverju tilfelli.

Greitt er gjald fyrir þátttöku í skráningarnámskeiði, sem hækkar árlega í takti við vísitölu neysluverðs, sjá gjaldskrá Landskerfis bókasafna, <https://www.landskerfi.is/um-okkur/gjaldskra/gjaldskra>.

Samþykkt á fundi skráningarráðs 3. apríl 2025